



Þingborg, 11.08.2025

Til viðkomandi hönnunar- og/eða verkfræðistofu

Efni: Ósk um tilboð í hönnun vegna stækkunar á skóla í Flóahreppi áfangi II.

Sveitarfélagið Flóahreppur óskar eftir tilboðum og hugmyndum í hönnun vegna fyrirhugaðrar stækkunar á grunnskóla sveitarfélagsins. Verkefnið byggir á forathugunum og frumtillögum sem Verkfræðistofan Efla hefur áður unnið fyrir sveitarfélagið, auk gagna og niðurstaðna úr fundum vinnuhóps og byggingarnefndar Flóaskóla.

Meðfylgjandi eru fylgigögn sem lýsa verkefninu nánar og þeim forsendum sem leggja skal til grundvallar við hönnun:

- Fylgigögn 4670-012-KYN-Lokafundur
- Lokatillaga vinnuhóps vegna Flóaskóla
- Fundargerð sveitarstjórnar nr. 289

Við óskum eftir að hönnunartilboð innihaldi eftirfarandi:

- Lýsing á fyrirhuguðu verki og hugmyndafræði
- Heildarkostnaðaráætlun vegna hönnunar á áfanga II
- Kostnaðargreining á tillögum
- Tímaramma verkefnisins

Vinsamlega sendið inn tilboðið fyrir 31.08.2025 með tölvupósti á floahreppur@floahreppur.is eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang: Flóahreppur, Þingborg, 803 Selfoss

Ef frekari upplýsinga er óskað, vinsamlega hafið samband við Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra, í síma 480-4370 eða með tölvupósti á hulda@floahreppur.is

Með von um góð viðbrögð og samstarf,

Fyrir hönd Flóahrepps

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Ósk um tilboð í hönnun vegna stækkunar á Flóaskóla

From Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Date Mon 2025-08-11 12:42

To nonni1971@hotmail.com <nonni1971@hotmail.com>

Cc Pálmi Þormóðsson <palmi@floahreppur.is>; Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>

 4 attachments (18 MB)

Ósk um tilboð í hönnun vegna viðbyggingar áfangi II.pdf; Fundargerð sveitarstjórnar nr. 289.pdf; Lokatillaga vinnuhóps vegna Flóaskóla.pdf; 4670-012-KYN-Lokafundur.pptx;

Góðan dag

Fyrir hönd Flóahrepps óska ég hér með eftir tilboði frá ykkur í hönnun vegna stækkunar á Flóaskóla (áfangi II).

Tilboðum skal skila inn fyrir miðnætti 31.08.2025.

Bestu kveðjur
Hulda

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps

hulda@floahreppur.is

www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg

cid:image001.jpg@01D8A73A.30702FB0

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli [9.mgr.47.gr](#) laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Ósk um tilboð í hönnun vegna stækkunar á Flóaskóla

From Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Date Mon 2025-08-11 12:43

To fridthor.sigurmundsson@efla.is <fridthor.sigurmundsson@efla.is>; 'Guðmundur Hjaltason' <gudmundur.hjaltason@efla.is>; kristbjorn.gudmundsson@efla.is <kristbjorn.gudmundsson@efla.is>; Anne Bruun Hansen <anne.bruun.hansen@efla.is>

Cc Pálmi Þormóðsson <palmi@floahreppur.is>; Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>

 4 attachments (18 MB)

Ósk um tilboð í hönnun vegna viðbyggingar áfangi II.pdf; Fundargerð sveitarstjórnar nr. 289.pdf; Lokatillaga vinnuhóps vegna Flóaskóla.pdf; 4670-012-KYN-Lokafundur.pptx;

Góðan dag

Fyrir hönd Flóahrepps óska ég hér með eftir tilboði frá ykkur í hönnun vegna stækkunar á Flóaskóla (áfangi II).

Tilboðum skal skila inn fyrir miðnætti 31.08.2025.

Bestu kveðjur
Hulda

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps

hulda@floahreppur.is

www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg

 cid:image001.jpg@01D8A73A.30702FB0

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli [9.mgr.47.gr](#) laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Ósk um tilboð í hönnun vegna stækkunar á Flóaskóla

From Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Date Mon 2025-08-11 12:44

To Sigurður U. Sigurðsson <sigurdur@humfaxi.is>; 'vilborg@humfaxi.is' <vilborg@humfaxi.is>

Cc Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>; Pálmi Þormóðsson <palmi@floahreppur.is>

 4 attachments (18 MB)

Ósk um tilboð í hönnun vegna viðbyggingar áfangi II.pdf; Fundargerð sveitarstjórnar nr. 289.pdf; Lokatillaga vinnuhóps vegna Flóaskóla.pdf; 4670-012-KYN-Lokafundur.pptx;

Góðan dag

Fyrir hönd Flóahrepps óska ég hér með eftir tilboði frá ykkur í hönnun vegna stækkunar á Flóaskóla (áfangi II).

Tilboðum skal skila inn fyrir miðnætti 31.08.2025.

Bestu kveðjur

Hulda

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps

hulda@floahreppur.is

www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg

cid:image001.jpg@01D8A73A.30702FB0

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmáli [9.mgr.47.gr](#) laga nr. 81/2003 um fjarskipti.



Fundargerð nr. 7
Framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla

Fundarstaður:	Flóaskóli
Fundardagur:	Miðvikudagur 21. maí 2025
Fundartími:	10:00-11:00
Fundarmenn:	Árni Eiríksson, oddviti Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi úr framkvæmda- og veitunefnd Bjarni Stefánsson, fulltrúi úr fræðslunefnd Hjalti Guðmundsson, sveitarstjórn

Árni Eiríksson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

- Tillögur að framtíðarskipulagi á skólalóð frá VSÓ ráðgjöf**
Farið var yfir tillögur sem VSÓ ráðgjöf skilaði vegna framtíðarskipulags á skólalóð Flóaskóla. Nokkrar tillögur eru um óverulegar breytingar á deiliskipulaginu, aðallega sem snýr að staðsetningu bílastæða fyrir hreyfihamlaða og staðsetningu á sorpi. Rætt um að heppileg staðsetning fyrir sorp vegna starfsemi skólans verði áfram á núverandi stað við Þjósárver.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við tillögur VSÓ.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að farið verði af stað í færslu á körfuboltavelli í sumar og hann fluttur þar sem Skólatún stóð áður og sökkull þannig nýttur til að draga úr kostnaði við jarðvinnu. Körfuboltavöllurinn verði stækkaður þannig að hann verði í svipaðri stærð og núverandi völlur. Steypa þarf sökkla og fylla inn í. Mikilvægt að vatn safnist ekki fyrir á vellinum. Skoða þarf girðingar í kringum völinn og hentugt undirlag.

- Undirbúningur viðbyggingar við Flóaskóla**
Gert er ráð fyrir fjármagni í hönnun á árinu 2025 og að farið verði í framkvæmdir á árunum 2026-2027.

Sveitarstjóri ásamt verkefnastjóra verklegra framkvæmda munu senda ósk um tilboð á nokkra aðila í hönnun viðbyggingar ásamt gerð byggingarnefndarteikninga. Hönnunin byggir á þarfagreiningunni sem unnin var vegna stækkunar Flóaskóla.

- Önnur mál**
Útisvæðið fyrir framan smíða- og heimilisfræðistofu er klárt að mestu. Beðið er eftir gleri í gluggagötin á pallinum.
Leiktæki sunnan við skólann er tilbúið og búið er að laga fallvarnir við rólur á leiksvæði og setja mottur meðfram ærslabelg.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:00

Vinnuhóp vegna uppbyggingar við Flóaskóla


Lokafundur



Aðkoma skólabíla




Sveitarstjórn telur undir að mikilvægt sé að fara strax í að skoða aðkomu skólabíla og annarrar umferðar að skolanum til að auka umferðarönggi á planinu fyrir framan Flóaskóla og telur ekki þörf á að bíla með þær breytingar sem varða aðkomu skólabíla og einkabíla þar til niðurstöður um framtíðaruppbyggingu við Flóaskóla liggur formlega fyrir. Sveitarstjórn telur síðastisjón að útfæra hugmyndir að aðkomu skólabíla og einkabíla þannig að hægt sé að bregðast við ákalli um aukið umferðarönggi sem fyrst.



Áfangi I – breytingar á innra skipulagi



Framtíðaruppbygging við Flóaskóla



Flóaskóli

[illegible]

Fundargerð nr. 6

Vinnuhópur um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 8. nóvember 2023
Fundartími: 17:00-18:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri
Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi úr framkvæmda- og veitunefnd
Bjarni Stefánsson, formaður fræðslunefndar
Harpa Magnúsdóttir, fulltrúi úr sveitarstjórn
Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Ragnar Finnur Sigurðsson, fulltrúi foreldra
Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna
Benóný Ágústsson, fulltrúi nemenda
Hugrún Svala Guðjónsdóttir, fulltrúi nemenda
Anne Bruun Hansen frá Eflu
Forföll:
Örvar Rafn Hlíðdal, formaður stýrihóps um Heilsuefandi samfélag
Sigurður Ingi Sigurðsson, fulltrúi íþróttta-, æskulýðs- og menningarnefndar

Frá síðasta fundi hefur Anne fundað með starfsmönnum Flóaskóla en sá fundur var haldinn í Flóaskóla þann 10. október. Á þeim fundi var farið yfir þau gögn sem liggja fyrir til að greina betur núverandi rými og skiptingar ásamt því að fá hugmyndir starfsmanna inn í vinnuna.

Helstu niðurstöður þess fundar voru eftirfarandi:

- Mikilvægt að fara strax í að hanna aðkomu skólabíla og annarrar umferðar að skólanum
- Fundur hvetur til að farið verði samhliða í framkvæmdir við viðbyggingu og íþróttahús.
- Fundur fagnar hugmundum um framkvæmdir innanhúss strax næsta sumar.

Á 288. fundi sveitarstjórnar bókaði sveitarstjórn Flóahrepps eftirfarandi til að bregðast við bókun frá fundi starfsmanna Flóaskóla vegna aðkomu skólabíla og annarrar umferðar að skólanum:

„Vinnufundar með starfsmönnum Flóaskóla

Anne Bruun Hansen frá Eflu sótti vinnufund með starfsmönnum Flóaskóla vegna hugmynda um uppbyggingu við skólann þann 10. október 2023 og er það liður í að móta tillögu frá vinnuhóp vegna uppbyggingar við Flóaskóla.

Sveitarstjórn þakkar fyrir þá punkta sem komu fram á fundi með starfsmönnum skólans og verða þeir teknir áfram til umræðu í vinnuhóp um uppbyggingu við Flóaskóla sem skilar væntanlega af sér tillögu á næstu dögum. Sveitarstjórn tekur undir að mikilvægt sé að fara strax í að skoða aðkomu skólabíla og annarrar umferðar að skólanum til að auka umferðaröryggi á planinu fyrir framan Flóaskóla og telur ekki þörf á að bíða með þær breytingar sem varða aðkomu skólabíla og einkabíla þar til niðurstöður um framtíðaruppbyggingu við Flóaskóla liggur formlega fyrir. Sveitarstjórn felur skólastjóra að útfæra hugmyndir að aðkomu skólabíla og einkabíla þannig að hægt sé að bregðast við ákalli um aukið umferðaröryggi sem fyrst.“

Skólastjóri mun hefja undirbúning á nauðsynlegum breytingum á aðkomu skólabíla og annarrar umferðar skv. fundi starfsmanna og bókun sveitarstjórnar. Markmiðið er að auka umferðaröryggi og öryggi nemenda á svæðinu þar sem bílar fara um.

Markmið fundarins í dag er að vinnuhópurinn sammælist um tillögu til sveitarstjórnar að uppbyggingu. Vinnuhópurinn skal skv. erindisbréfi sínu skila áfangaskiptri og tímasettri framkvæmdaáætlun og grófu kostnaðarmati sem byggir á þeirri þarfagreiningu sem farið hefur fram.

Anne fór yfir uppfærðar teikningar af mögulegum breytingum á núverandi húsnæði. Einnig fór hún yfir grófar kostnaðartölur varðandi breytingar, viðbyggingu á tveimur hæðum til að hýsa stoðrými, anddyri, bókasafn, opið rými o.fl. ásamt grófum kostnaðartölum í íþróttahús.

Rætt var um að leggja áherslu á að hanna alla 4 áfangana strax þ.e hanna heildarskipulag strax þar sem gert er ráð fyrir öllum 4 áföngunum.

Eftirfarandi er tillaga frá Anne um fjóra áfanga sem byggist á vinnu hópsins, starfsmannafundi í Flóaskóla og greiningu sem hefur farið fram:

Áfangi I: Breytingar á innra skipulagi í núverandi húsnæði útfrá hugmyndum vinnuhóps og starfsmanna Flóaskóla. Í grófum dráttum felst það í tilfærslu á veggjum á neðri hæð til að stækka smíðastofu og heimilisfræði og gera vélarsal, geymslu og aðstöðu fyrir brennsluofn. Textílmennt færir í aðra stofu á neðri hæð og stofan sem textílstofan er í dag skilgreind sem kaffistofa kennara. Aðstaða í endanum á neðri hæðinni væri nýtt til að koma upp aðstöðu til ljósritunar, prentunar ofl. Lítið vinnuherbergi myndi koma á milli textílstofu og myndmenntarstofu. Bókasafn væri hannað undir stiganum en kanna þarf hvort sú hönnun samrýmist brunahönnun. Tillagan gerir einnig ráð fyrir því að það séu hurðir út á þremur stöðum fyrir aftan húsið og þremur stöðum að framan. Við smíðastofu og heimilisfræði væri byggð upp útiaðstaða sem býður upp á aðstöðu fyrir útikennslu.

Varðandi brunahönnun þá þarf að fara yfir málin með brunahönnuði til að skoða hvort þetta séu raunhæfar breytingar t.d með tilliti til breytinga á bókasafni og aðstöðu fyrir brennsluofn.

Áfangi II:

Viðbygging við enda hússins. Inngangur, alrými, stjórnun og auka kennslurými

Áfangi III:

Íþróttasalur, búningasklefar og tækjasalur og annað sem fylgir. Gert ráð fyrir að tengja íþróttasalinn við skólann.

Áfangi IV:

Smíðja / sérgreinastofur sem væri byggð framan við viðbyggingu 1 þar sem gamli skólinn var áður.

Varðandi gróft kostnaðarmat þá er lagt til að Anne hitti sveitarstjórn og fari nánar yfir kostnaðarmat á ofangreindum áföngum ásamt því að skoða kostnað við brunahönnun og aðra hönnun.

Fyrir liggur mjög gróft fermetraverð sem byggir á fyrri verkefnum hjá öðrum sveitarfélögum:

Áfangi I:	Óljóst með kostnað við breytingar á innra skipulagi
Áfangi II:	500 m ² 650 þús/m ²
Áfangi III:	1700 m ² 350 þús/m ²
Áfangi IV:	250 m ² 650 þús/m ²

Eftirfarandi er tillaga til sveitarstjórnar Flóahrepps sem byggir á vinnu hópsins síðustu mánuði:

Vinnuhópur um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð leggur til að í janúar 2024 verði farið af stað í að undirbúa breytingar á núverandi húsnæði til að auka nýtingu og bæta aðstöðu nemenda og starfsmanna skv. tillögum sem kynntar voru á fundinum og fylgja með fundargerð.

Á sama tíma verði skipuð framkvæmda- og bygginganefnd sem heldur utan um framkvæmdirnar. Sveitarstjórn semji erindisbréf fyrir framkvæmda- og bygginganefnd Flóaskóla og skilgreinir skipan, hlutverk og starfshætti nefndarinnar. Vinnuhópurinn leggur til að eitt af fyrstu verkefnum nefndarinnar verði að fá tilboð í heildarhönnun á öllum fjórum áföngunum. Í kjölfarið taki sveitarstjórn ákvörðun um tímaramma framkvæmda. Lögð verði áhersla á vandaðan undirbúning framkvæmda.

Vinnuhópurinn leggur til að stefnt skuli að því að breytingar á innra skipulagi í núverandi húsnæði verði að fullu klárar á árinu 2024 án þess að raska starfsemi Flóaskóla að miklu leyti. Jafnframt skuli stefnt að hefja framkvæmdir við áfanga II sumarið 2025 og að ný viðbygging verði tekin í notkun í lok árs 2026.

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Þórunn Oddný Stefánsdóttir
t. 1506572029
ags. 10.11.2023 15:29:22
stæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
rni Eiríksdóttir
t. 0809664589
ags. 9.11.2023 18:27:05
stæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
ulda Kristjánsdóttir
t. 3001843249
ags. 9.11.2023 10:55:15

Benóný Ágústsson

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Þórunn Jónasdóttir
Kt. 2507643249
Dags. 9.11.2023 20:17:36
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Ragnar Finnur Sigurðsson
Kt. 1706835289
Dags. 9.11.2023 11:10:22

Hugrún Svala Guðjónsdóttir
Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Harpa Magnúsdóttir
Kt. 2004784959
Dags. 10.11.2023 11:36:50
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Helmir Rafn Bjarkason
Kt. 2005824899
Dags. 9.11.2023 15:54:55

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Bjarni Stefánsson
Kt. 0312638249
Dags. 10.11.2023 12:43:20
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Brynjar Jón Stefánsson
Kt. 0907603869
Dags. 9.11.2023 19:00:57

Fundargerð 289. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 28. nóvember 2023
Fundartími:	9:00-10:15
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Walter Fannar Kristjánsson Harpa Magnúsdóttir Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Aðrar athugasemdir ekki gerðar. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir skipulagsnefndar:

Nr. 269, dags. 08.11.2023

a) Dalbær L165468; Birkiland 2; Stofnun lóðar

Lögð er fram umsókn um stofnun lands úr jörðinni Dalbær L165468. Um er að ræða 49.962 fm (5 ha) land sem gert er ráð fyrir að fái staðfangið Birkiland 2. Aðkoma er frá Gaulverjabæjarvegi um sameiginlegan aðkomuveg á mörkum Birkilands L211313 og Birkilands 2.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið með fyrirvara um að gögn málsins séu fullnægjandi. Nefndin bendir á að allar framkvæmdir innan lóða eru háðar deiliskipulagi.

Fyrir liggur umsókn um stofnun lands úr jörðinni Dalbær L165468. Um er að ræða 49.962 fm (5 ha) land sem gert er ráð fyrir að fái staðfangið Birkiland 2. Aðkoma er frá Gaulverjabæjarvegi um sameiginlegan aðkomuveg á mörkum Birkilands L211313 og Birkilands 2.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um að gögn málsins séu fullnægjandi. Sveitarstjórn bendir á að allar framkvæmdir innan lóða eru háðar deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 195, dags. 22.11.2023

Lagðar fram til kynningar.

3. Náttúruhamfarir í Grindavík

Í ljósi þeirra náttúruhamfara sem hafa orðið og eru enn yfirstandandi í og við Grindavík þá sendir sveitarstjórn Flóahrepps íbúum Grindavíkur og aðstandendum þeirra hlýjar kveðjur á erfiðum óvissutímum. Sveitarfélagið Flóahreppur er reiðubúið að bjóða fram alla þá aðstoð sem mögulegt er að veita í því skyni að létta undir hjá Grindavíkum. Nú þegar hafa börn frá Grindavík hafið skólagöngu í Flóaskóla og stefnir í að fleiri hefji nám á næstu dögum ásamt leikskólabarni við leikskólann Krakkaborg.

4. Erindi frá Markaðsstofu Suðurlands – Framlenging á samstarfssamningi

Fyrir liggur bréf frá Markaðsstofu Suðurlands þar sem óskað er eftir endurnýjun á núverandi samningi. Markaðsstofan óskar eftir óbreyttum samningi sem svarar 430 krónum á hvern íbúa til næstu þriggja ára. Ljóst er að ferðaþjónusta og uppbygging atvinnugreinarinnar verður mikil á svæðinu á komandi árum. Markaðstofan heldur utan um samstarf á svæðinu og vinnur að ímyndarsköpun, þróun og markaðssetningu Suðurlands í heild sem áfangastaðar. Jafnframt óskar Markaðsstofan eftir því að gera frekari grein fyrir starfseminni og uppfærðri áfangastaðaaætlun Suðurlands í formi kynningar fyrir fulltrúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samstarfssamning við Markaðsstofu Suðurlands til næstu þriggja ára. Sveitarstjórn óskar jafnframt eftir því að fulltrúar Markaðsstofunnar kynni

starf Markaðsstofunnar fyrir sveitarstjórn og fulltrúum úr landbúnaðar- og atvinnumálanefnd Flóahrepps. Sveitarstjóra falið að finna hentugan fundartíma fyrir kynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Skipulagsmál á sveitarfélagamörkum Árborgar og Flóahrepps

Fyrir liggur stutt samantekt frá sveitarstjóra vegna fundar sem oddviti og sveitarstjóri Flóahrepps áttu með bæjarstjóra og formanni bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar þann 25. september. Efni fundarins var samstarf sveitarfélaganna. Framundan er vinna sem tekur til mótun framtíðarskipulags á svæðinu austan við nýja Ölfusárbrú en sveitarfélögin hafa bæði gefið út framkvæmdaleyfi vegna brúarinnar og hafa átt samráð um þætti sem tengjast brúnni og breytingu á Hringveginum svo sem vegna nýrra vegamóta austan Selfoss, undirgöng fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn ásamt samráði vegna lagna veitufyrirtækja. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir því að Flóahreppur og Sveitarfélagið Árborg hefji formlegt samtal um möguleikann á samvinnu við mótun framtíðarskipulags á svæðinu við nýtt brúarstæði og Hringveg, austan Ölfusár. Flóahreppur hefur samþykkt að fara í vinnu við heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins og telur sveitarstjórn mikilvægt að skipulag umrædds svæðis á sveitarfélagamörkum verði tekið sérstaklega fyrir. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með forsvarsmönnum Sveitarfélagsins Árborgar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Erindi frá byggðapróunarfulltrúa – Tilnefning í verkefnastjórn

Sveitarstjórn frestaði skipan í verkefnastjórn á síðasta fundi sínum. Óskað var eftir þátttöku fulltrúa úr landbúnaðar- og atvinnumálanefnd en ekki hafa borist viðbrögð um þátttöku í verkefnastjórn þaðan.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fresta málinu til næsta fundar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands – fyrri umræða

Fyrir liggja nýjar samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar nýjum samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Viðauki III við fjárhagsáætlun 2023

Fyrir liggur yfirlit fyrir Flóahrepp með tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2023 sem er gerður vegna breytingar á reglugerð 1212/2015. Með breytingu á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 var kveðið á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta. Í framlögðum viðauka er búið að færa inn hlutdeild eftirfarandi stofnana í A hluta í áætlun Flóahrepps fyrir árið 2023:

Bergrisinn bs. (2,65%)

Brunavarnir Árnessýslu (3,82%)

Héraðsnefnd Árnesinga bs. (3,39%)

Byggðasafn Árnesinga (3,39%)

Listasafn Árnesinga (3,39%)

Héraðsskjalasafn Árnesinga (3,39%)

Tónlistarskóli Árnesinga (3,39%)

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. (2,72%)

Umhverfis- og Tæknisvið uppsveita bs. (11,69%)

Með viðaukanum er lögð fram stutt greinagerð með fyrirvara á viðaukanum, þar sem tekið er fram að ekki sé hægt að meta heildaráhrif á eignir og skuldir þar sem að ekki eru allar áætlanir samstarfsverkefnanna með áætlaðan efnahag og sjóðstreymi 2023. Settur er fyrirvari um að mögulega eigi fleiri samstarfsverkefni að vera í samantektinni.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagaðan viðauka vegna byggðasamlaganna sbr. reglugerð nr. 230/2021 og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðkomandi aðila.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Erindi frá sveitarstjóra – Ósk um að falla frá fullri hækkun skv. launavísitölu

Fyrir liggur erindi frá sveitarstjóra þar sem sveitarstjóri óskar eftir því að breyting á launum sveitarstjóra frá 1. nóvember 2023 taki ekki breytingum samkvæmt launavísitölu þetta árið líkt og samið er um í ráðningarsamningi heldur verði í takt við þær breytingar sem BHM gerði á launatöflum 1. apríl 2023. Breyting skv. launavísitölu þýðir um 11% hækkun á milli ára en breytingar á launatöflum BHM nemur 6,75%.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir þessa beiðni sveitarstjóra.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hulda Kristjánsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

10. Tillaga vinnuhóps um uppbyggingu við Flóaskóla

Fyrir liggur fundargerð lokafundar vinnuhóps um uppbyggingu við Flóaskóla ásamt tillögu hópsins sem lögð er fyrir sveitarstjórn Flóahrepps. Vinnuhópurinn hefur starfað í umboði sveitarstjórnar og skv. samþykktu erindisbréfi frá því í febrúar 2023.

Í tillögu vinnuhópsins er lagt til að uppbygging við Flóaskóla verði áfangaskipt og er lagt upp með fjóra áfanga. Í fyrsta áfanga er lagt til að farið verði í breytingar á núverandi húsnæði með það að markmiði að auka nýtingu og bæta aðstöðu nemenda og starfsmanna skv. tillögum sem fylgja með fundargögnum. Lagt er til að undirbúningur við framkvæmdir í 1. áfanga fari af stað í janúar 2024 og að samhliða verði skipuð framkvæmda- og bygginganefnd sem heldur utanum framkvæmdirnar. Lagt er til að eitt að fyrstu verkefnum nefndarinnar verði að fá tilboð í heildarhönnun á öllum fjórum áföngunum og að í kjölfarið taki sveitarstjórn ákvörðun um tímaramma framkvæmda við alla áfanga. Vinnuhópurinn leggur til að stefnt skuli að því að breytingar á innra skipulagi í núverandi húsnæði verði að fullu klárar á árinu 2024 og að stefnt skuli að því að hefja framkvæmdir við 2. áfanga sumarið 2025 og að ný viðbygging verði tekin í notkun í lok árs 2026.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar vinnuhópi um uppbyggingu við Flóaskóla fyrir góða vinnu á árinu og greinargóða tillögu sem tekur mið af þeirri greiningarvinnu sem farið hefur fram.

Sveitarstjórn samþykkir að gert verði ráð fyrir breytingum á núverandi húsnæði á árinu 2024 og að þær framkvæmdir verði að fullu kláraðar innan þess árs. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að skipa í framkvæmda- og bygginganefnd vegna framkvæmda við Flóaskóla og skulu eftirfarandi sitja í hópnum:

Sveitarstjóri

Oddviti sveitarstjórnar

Fulltrúi T-lista úr sveitarstjórn

Fulltrúi framkvæmda- og veitunefndar

Fulltrúi fræðslunefndar

Skólastjóri

Umsjónarmaður fasteigna

Að auki verður gert ráð fyrir aðkeyptri sérfræðivinnu

Drög að erindisbréfi nefndarinnar verða lögð fyrir sveitarstjórn á fundi í janúar og nefndin hefur störf í síðasta lagi 1. febrúar 2024.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kalla eftir ítarlegri kostnaðargreiningu á hönnun allra áfanga ásamt ítarlegri kostnaðargreiningu á framkvæmdum við 1. og 2. áfanga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Tillögur að gjaldskrá og álagningarforsendum 2024 ásamt minnisblaði sveitarstjóra

- a) Tillaga að útsvarsprósentu fyrir 2024

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall vegna ársins 2024 verði 14,74%

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) Tillaga að álagningarprósentu fasteignaskatts 2024

Vísað til síðari umræðu.

- c) Tillaga að gjaldskrá vegna vatnsveitu og vatnsgjaldi 2024

Vísað til síðari umræðu.

- d) Tillaga að gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Flóahreppi 2024

Vísað til síðari umræðu.

- e) Tillaga að gjaldskrá vegna breytinga á sorpílátum

Vísað til síðari umræðu.

- f) Tillaga að gjaldskrá fyrir mat og heimsending á mat 2024

Vísað til síðari umræðu.

- g) Tillaga að gjaldskrá fyrir akstur aldraðra og fatlaðs fólks 2024

Vísað til síðari umræðu.

- h) Tillaga að gjaldskrá og reglum fyrir Þingborg og Félagslund 2024

Vísað til síðari umræðu.

- i) Tillaga að gjaldskrá fyrir Flóaljós 2024

Vísað til síðari umræðu.

12. Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2024-2027 – Fyrri umræða

Sveitarstjóri fór yfir minnisblað um helstu liði fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn samþykkir að vísa áætluninni til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 288, dags. 07.11.2023

- b) Fræðslunefndar nr. 146, dags. 21.11.2023

- c) Vinnuhóps um uppbyggingu við Flóaskóla nr. 6, dags. 08.11.2023

- d) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. dags. 02.10.2023

- e) Seyrustjórnar nr. 12, dags. 30.10.2023

- f) Aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs. dags. 27.10.2023

- g) Héraðsskjalasafns Árnesinga dags. 10.10.2023

Varðandi lið 1 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps framlagðan húsaleigusamning milli Héraðsskjalasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- h) Stjórnar SASS nr. 603, dags. 10.11.2023

- i) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 322, dags. 13.11.2023

- j) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 937, dags. 12.11.2023

- k) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 104, dags. 14.11.2023

- l) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 06.11.2023

14. Efni til kynningar

- a) Frá Jafnréttisstofu – Heimild til að nota jafnlaunamerkið – endurnýjun

- b) Frá Jafnréttisstofu – Ábending til sveitarfélaga

- c) Erindi til Vegagerðarinnar frá foreldrafélagi Flóaskóla

- d) Frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu – Erindi vegna barnaverndarþjónustu

- e) Skipulagsgátt – Umsagnarbeiðni um mál nr. 0862/2023 – Svæðisskipulag Suðurrhálendis

- f) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Tillaga til þingsályktunar um bættar vegasamgöngur yfir Hellsheiði, 58. mál

- g) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál

- h) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál

- i) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 12. desember kl. 11.00.

15. Trúnaðarmál

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)